

ÁLKA

Álka er miðlungsstór svartfugl. Í sumarþúningi er hún svört á höfði, hálsi og baki en hvít á bringu og kviði. Á veturna eru framháls, kverk og hlustarþökur hvít.

Álkan flýgur hratt og beint með teygðan háls, lágt yfir haffletinum. Hún er góður kafari eins og aðrir svartfuglar, er létt á sundi og sperrir oft stél og jafnvel gogg. Á móti kemur á hún erfitt með gang, og þegar hún situr hvílir hún á ristunum og heldur jafnvægi með stélinu.

Álka er félagslyndur fugl sem verpur í byggðum við sjó, björgum eða grýttum urðum. Þegar ungarnir eru orðnir 2–3 vikna gamlir elta þeir foreldrana út á haf, löngu áður en þeir verða fleygir.

60% af öllum álkum heimsins verpa á Íslandi og tegundin er því ein af ábyrgðategundum Íslands.

